

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.06.2019

Fundur 3-2019

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar mánudaginn 3. júní 2019

í Skagabúð kl. 17:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Bjarney R. Jónsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2018, fyrri umræða
2. Önnur mál

1. Ársreikningur 2018, fyrri umræða

Undir þessum lið kom Kristján Jónasson frá KPMG á fundinn í forföllum fyrir Harald Reynisson endurskoðanda.

Hann lagði fram ársreikning 2018 fyrir Skagabyggð og Fjarskiptafélag Skagabyggðar ehf. ásamt sundurliðun ársreikningsins.

Ársreikningur Skagabyggðar fyrir árið 2018 er lagður fyrir og Kristján skýrir hann. Honum er vísað til seinni umræðu.

Ársreikningur Fjarskiptafélagsins verður tekinn fyrir á aðalfundi síðar í júnímánuði.

2. Önnur mál

Tvö mál komu frá Byggingarnefnd:

Erindi varðandi nafnabreytingu á Kurfi lóð lagt fyrir og oddvita falið að ganga frá því í samráði við eigendur.

Óskað eftir stækkun og staðfestingu á hnitsetningu á lóð við Syðri-Ey. Afgreiðsla byggingarnefndar á málinu er lögð fram. Sveitastjórn samþykkir hana.

Skagavegurinn hefur ekki verið hefлаður í vor og ekki borið ofan í hann. Oddviti tekur að sér að ræða við Vegagerðina.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.06.2019
Fundur 3-2019

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Bjarney R. Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson